

Föstudaginn 26. marz 1971.

Nr. 192/1970. Ólafur Engilbertsson

(Þorvaldur Þórarinnsson hrl.)

gegn

Kristínu Stefánsdóttur og gagnsök

(Magnús Thorlacius hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Hjónaskilnaður. Skipti. Fjárnám. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 27. október 1970, að fengnu áfrýjunarleyfi 22. október 1970, samkvæmt 16. gr. og 2. mgr. 20. gr. laga nr. 57/1962. Hann krefst þess, að hann verði sýknaður af öllum kröfum gagnáfrýjanda í héraði, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði felld úr gildi og að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti, þar með talinn kostnaður af vitnamáli nr. 3461/1970, sem rekið var fyrir bæjarþingi Reykjavíkur vegna hæstaréttarmáls þessa.

Gagnáfrýjandi gagnáfrýjaði málinu með stefnu 2. desember 1970, að fengnu áfrýjunarleyfi 1. desember 1970. Dómkröfur hennar við flutning málsins hér fyrir dómi voru þær, að hinn áfrýjaði dómur og fjárnámsgerð verði staðfest og aðaláfrýjanda gert að greiða henni málskostnað fyrir Hæstarétti.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið aflað nýrra gagna, og aðiljar og vitni hafa komið fyrir dóm og gefið skýrslur um málsatvik.

Málsaðiljar, er gengið höfðu í hjónaband 17. janúar 1964, fengu leyfi til skilnaðar að borði og sæng 4. júní 1968. Í samningi, er þau gerðu um eignaskiptingu, sagði m. a., að húseignin Vatnsendablettur 98 í Kópavogi skyldi „verða áfram í óskiptri sameign, þar til öðru vísi verður ákveðið“. Yfirlýsingu um sameignina skyldi þinglýsa. Aðaláfrýjandi

tók að sér greiðslu tiltekinna skulda, þar á meðal „opinberra gjalda, er kunna að verða lögð á vegna tekna s.l. árs“.

Með kaupsamningi, dags. 3. nóvember 1968, keypti aðaláfrýjandi eignarhluta gagnáfrýjanda í Vatnsendabletti 98. Afsal átti aðaláfrýjandi að fá 1. desember 1969. Sama dag áttu að falla í gjalddaga kr. 55.000.00 af kaupverði, og samþykkti aðaláfrýjandi víxil fyrir þeirri greiðslu. Fyrir kr. 150.000.00 af kaupverði skyldi aðaláfrýjandi gefa út skuldabréf með 2. veðrétti í eigninni, og átti að greiða það á fimm árum með jöfnum árlegum afborgunum, í fyrsta sinn 1. desember 1970, en vextir reiknast frá 1. desember 1969. Þetta skuldabréf afhenti aðaláfrýjandi gagnáfrýjanda, en óútgefið.

Aðaláfrýjandi greiddi ekki víxilinn á gjalddaga. Fól gagnáfrýjandi hann lögmanni sínum til innheimtu, og var aðaláfrýjandi með dómi bæjarþings Reykjavíkur dæmdur til greiðslu hans. Einnig fékk gagnáfrýjandi lögmanni sínum hið óundirritaða skuldabréf, en hann ritaði aftur aðaláfrýjanda svofellt kröfubréf:

„Fr. Kristín Stefánsdóttir, Glaðheimum 10, Rvík, hefur falið mér að innheimta kröfu á hendur yður, að fjárhæð kr. 150.000.00 auk vaxta og kostnaðar.

Ég mælist því til þess, að þér komið til viðtals fyrir 21. dec. næstk., svo að sætt geti orðið á þetta mál“.

Er aðaláfrýjandi kom til viðtals vegna kvaðningar þessarar, varð úr, að hann undirritaði veðskuldabréfið, en lögmaðurinn sendi það síðan hinn 23. janúar til þinglýsingar á kostnað aðaláfrýjanda, svo sem ráð hafði verið fyrir gert í kaupsamningi aðilja. Kom þá í ljós, að aðaláfrýjanda skorti þinglýsta heimild að eigninni, þar sem afsali til hans, dags. 8. desember 1967, hafði aldrei verið þinglýst. Kveður lögmaðurinn skuldabréfið hafa verið endursent af þessum sökum.

Höfðaði nú gagnáfrýjandi mál þetta með stefnu, dags. 27. janúar 1970, til heimtu kr. 151.670.00, svo sem í héraðsdómi er rakið. Átti að þingfesta málið á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 12. febrúar. Tveimur dögum fyrir þingfestingardag kom aðaláfrýjandi hins vegar í skrifstofu lögmanns gagn-

áfrýjanda, sem einnig hafði til innheimtu fyrrgreindan víxildóm, greiddi honum í reiðufé kr. 30.000.00, tók við veðskuldabréfinu, fékk það innritað til þinglýsingar og stimplað og skilaði því síðan aftur í skrifstofu lögmannsins. Hefur aðaláfrýjandi skýrt frá því fyrir dómi, að hann hafi skilið lögmanninn svo, að málssókn gagnáfrýjanda væri lokið vegna fyrrgreindra aðgerða. Lögmaðurinn hefur hins vegar borið fyrir dómi, að hann hafi tjáð aðaláfrýjanda, að fallið yrði frá að „gjaldfella“ skuldabréfið, en haldið yrði við stefnukröfurnar að öðru leyti. Fór og svo, að gagnáfrýjandi hélt málssókninni áfram, en lækkaði stefnukröfurnar við þingfestingu um fjárhæð veðskuldabréfsins, eða niður í kr. 1.670.00 auk vaxta og málskostnaðar af stefnufjárhæðinni allri, eins og greinir í héraðsdómi. Var málið síðan dæmt samkvæmt framlögðum skjölum, þar sem aðaláfrýjandi sótti ekki þing og enginn af hans hendi.

Eins og atvikum málsins er háttað, er rétt að heimila aðaláfrýjanda að bera fram kröfur og málsástæður fyrir Hæstarétti, sbr. 45. gr. laga nr. 57/1962.

Aðaláfrýjandi telur sér hafa verið með öllu óskýlt að greiða gagnáfrýjanda þær kr. 1.670.00, sem hún krefur hann um í málinu, en fjárhæð þessi er iðgjald gagnáfrýjanda til Sjúkrasamlags Kópavogs fyrir tímabilið 1. maí 1967 til 31. maí 1968, og greiddi gagnáfrýjandi skuld þessa 20. janúar 1970. Til þess að losna við frekari málaferli kveðst aðaláfrýjandi hins vegar hafa fallizt á, að fyrrgreindar kr. 30.000.00 gengju upp í gjöld þessi, en afgangur greiðslunnar hafi átt að ganga upp í víxildóminn. Málskostnað eigi hann ekki að greiða, þar sem málssókn stefnanda í héraði hafi átt að falla niður vegna fyrrgreindrar greiðslu.

Gagnáfrýjandi heldur því hins vegar fram, að peningagreiðsla aðaláfrýjanda hafi öll átt að ganga upp í víxildóminn. Hafi aðaláfrýjanda verið gert ljóst, að haldið yrði við stefnukröfurnar, að því er tók til sjúkrasamlagsgjaldsins og málskostnaðar, þótt veðskuldabréfinu væri þinglýst og stefnukrafan lækkuð. Hafi aðaláfrýjandi samþykkt þetta. Kveðst lögmaður gagnáfrýjanda hafa vænt þess, að aðal-

áfrýjandi kæmi aftur til að gera upp kröfur þessar, enda hafi ekki átt að þingfesta málið fyrir en eftir tvo daga.

Krafa gagnáfrýjanda um, að aðaláfrýjandi greiddi sjúkra-samlagsgjöld hennar, hafði enga stoð í lögum eða skipta-samningi aðilja. Aðaláfrýjandi samþykkti umfram skyldu að greiða henni þetta fé, en óhrakin er sú staðhæfing hans, að það samþykki hafi verið með því skilyrði veitt, að til þessa gengi hluti af 30 þúsund króna greiðslunni. Samkvæmt þessu og þar sem ekki eru leidd rök að því, að þá er málið var höfðað, hafi aðaláfrýjandi mátt krefja gagnáfrýjanda um fjárhæð veðskuldabréfsins, ber að sýkna aðaláfrýjanda af kröfum gagnáfrýjanda.

Frestur til að áfrýja fjárnámsgerð þeirri, er málið fjallar um, var liðinn, þegar stefna var gefin út, og framangreint áfrýjunarleyfi tekur ekki til þeirrar dómsathafnar. Þessum þætti málsins er því sjálfkrafa vísað frá Hæstarétti.

Eins og öllum málsatvikum er háttað, er rétt, að máls-kostnaður í Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinni áfrýjuðu fjárnámsgerð er sjálfkrafa vísað frá Hæstarétti.

Aðaláfrýjandi, Ólafur Engilbertsson, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Kristínar Stefánsdóttur, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. febrúar 1970.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. febrúar s.l., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 30. janúar s.l., af Kristínu Stefánsdóttur, Glaðheimum 10, Reykjavík, gegn Ólafi Engilbertssyni bíla-viðgerðarmanni, Vatnsendabletti 98, Kópavogi, til greiðslu skuld-ar að fjárhæð kr. 151.670.00 með 12% ársvöxtum frá 3. nóvember 1968 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera eftirstöðvar af kaupverði samkvæmt kaupsamningi, dags. 3. nóvember 1968, kr. 150.000.00, og greiðsla, er hún hafi innt af hendi fyrir Ólaf

til Sjúkrasamlags Kópavogs, kr. 1.670.00, til þess að geta öðlazzt réttindi í Sjúkrasamlagi Reykjavíkur.

Af skjölum málsins má ráða, að það hafi verið samkomulag stefnanda og stefnda, að stefndi gæfi út veðskuldabréf fyrir ofanefndum kr. 150.000.00 fyrir 1. desember 1969. Hafi skilmálar bréfsins átt að vera þeir, að stefndi greiddi skuld þessa með jöfnum árlegum afborgunum á fimm árum, hinn 1. desember ár hvert, í fyrsta sinn 1. desember 1970, ásamt vöxtum. Einnig átti stefndi að greiða stimplun og þinglýsingu þessa veðskuldabréfs. Þar sem stefndi hafði ekki staðið við þetta loforð, taldi stefnandi sig geta gjaldfelzt þessa skuld alla í stefnu.

Í greinargerð stefnanda á dskj. nr. 3, sem lögð var fram við þingfestingu málsins 12. febrúar s.l., lýsir lögmaður stefnanda, Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður, viðskiptum þeim, sem að baki máli þessu liggja, og gerir breytingar á dómkröfunum. Er þess nú aðeins krafizt, að stefnda verði dæmt að greiða stefnanda kr. 1.670.00 með 12% ársvöxtum frá 20. janúar 1970 til greiðsludags, kr. 24.071.00 í málskostnað. Í lok greinargerðarinnar, sem dagsett er 11. febrúar 1970, segir: „Í gær kom stefndur til mín. Var þá fallin stimpilsekt á veðskuldabréfið og yfirlýsinguna. Kom stefndur þessu nú í lag, og sé ég því ekki lengur ástæðu til að gjaldfella bréfið, en málskostnað tjáði ég stefndum, að hann yrði að borga svo og sjúkrasamlagsgjaldið. Féllst stefndur á það“.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er honum þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða kröfur hennar teknar til greina.

Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn kr. 18.000.00.

Garðar Gíslason, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Ólafur Engilbertsson, greiði stefnanda, Kristínu Stefánsdóttur, kr. 1.670.00 með 12% ársvöxtum frá 20. janúar 1970 til greiðsludags og kr. 18.000.0 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetadóms Kópavogs 29. apríl 1970.

Ár 1970, miðvikudaginn 29. apríl, var fógetaréttur Kópavogs settur að Vatnsendaþleppi 98 og haldinn þar af fulltrúa bæjarfógeta, Jóni Erlendssyni, með undirrituðum vottum. Fyrir var tekið: Málið Kristín Stefánsdóttir gegn Ólafi Engilbertssyni.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 dómsendurrit.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Jóhann Steinason héraðsdómslögmaður vegna Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns og krefst fjárnáms fyrir kr. 1.670.00 með 12% ársvöxtum frá 20. janúar 1970 til greiðsludags, kr. 260.00 í birtingar-, endurritskostnað, kr. 18.000.00 í málskostnað samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í., kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda, en á kostnað gerðarpóla.

Gerðarþoli býr hér, en er ekki viðstaddur, en fyrir hann mætir kona hans, Ragnhildur Rögnvaldsdóttir, sem býr hér. Áminnt um sannsögli kveðst hún ekki geta greitt.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsti fógeti yfir fjárnámi í eign gerðarpóla, Vatnsendaþleppi 98.

Fallið var frá virðingu.

Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og brýndi fyrir mætta að skýra gerðarpóla frá fjárnáminu/löghaldinu.

Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni, sem að nokkru reyndist árangurslaus, lokið.